

AUGLÝSING

um umferð í Bolungarvík.

Samkvæmt ályktun hreppsnefndar Hólshrepps, N-Ísafjarðarsýslu og með tilvísun til 65. gr. 1. nr. 26/1958, hefur eftirfarandi verið ákveðið.

Frá og með 26. maí 1968 skulu eftirfarandi götur teljast aðalbrautir:

1. Þuríðarbraut.
2. Aðalstræti.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Bolungarvík, 2. maí 1968.

Hafsteinn Hafsteinsson.

Nr. 128.

2. maí 1968.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Skólasjóð Menntaskólans á Akureyri, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 2. maí 1968. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skólasjóð Menntaskólans á Akureyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Skólasjóður Menntaskólans á Akureyri, og skal honum varið skólanum til eflingar.

2. gr.

Nemendur skólans skulu greiða árlegt gjald í sjóðinn eftir því sem kennarafundur ákveður hverju sinni. Gjald þetta innheimtist með öðrum skólagjöldum fyrsta vetrardag ár hvert.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í tryggri lánastofnun, vel tryggðum verðbréfum eða á annan öruggan hátt.

4. gr.

Skólameistari er sjóðvörður og annast innheimtu og reikningshald, hann ákveður og einstakar fjárveitingar úr sjóðnum. Reikningar sjóðsins verði endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun eins og aðrir reikningar skólans.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Kennarafundur úrskurðar árlega samkvæmt tillögum skólameistara, hve miklum hluta af árstekjum sjóðsins skuli á ári hverju vera heimilt að verja samkvæmt tilgangi hans. Tekjuafgangur hvers árs leggst við höfuðstólinn.